

Förgun röntgentækja

Samkvæmt 2.mgr. 12. gr. laga [nr. 44/2002](#) um geislavarnir, skal tilkynna Geislavörnum ríkisins þegar tæki eða búnaður sem getur gefið frá sér jónandi geislun er endanlega tekinn úr notkun. Slíka tilkynningu má senda rafrænt með [tilkynningareyðublöðum](#) sem eru á vef Geislavarna ríkisins.

Þegar röntgentækjum er fargað þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga, til að tryggja að þau geti ekki valdið skaða og að förgun þeirra sé í samræmi við lög og reglugerðir:

1. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda tækisins, en þar eiga að koma fram upplýsingar um allar þær sérstöku varúðarráðstafanir og hættur sem samfara eru förgun tækisins. (sbr. reglugerð [nr. 892/2004](#) um lækningatæki, viðauka 1, grein 13.6.). Ef slíkar leiðbeiningar eru ekki til staðar, skal leiðbeiningum í næstu liðum fylgt.
2. Gera skal röntgentækið óvirk með því að fjarlægja röntgenlampa þess og/eða með því að fjarlægja raftengisnúrur þess.
3. Í röntgenlömpum, spennum og rafeindabúnaði geta verið málmar sem flokkast undir spilliefni og ber að farga tækinu í samræmi við það og í samráði við viðkomandi móttökuaðila. Efnamóttakan ehf og Fura ehf sjá um forvinnslu rafeindatækja vegna spilliefna.
 - a. Í spennum röntgentækja sem framleidd voru fyrir 1979 getur verið spilliefnið **PCB** ([Polychlorinated Biphenyl](#)). Upplýsingar um framleiðsluár ætti að vera á tækinu eða í gögnum frá framleiðanda. Þar sem mæling á PCB innihaldi er dýr er mikilvægt að slíkar upplýsingar fylgi.
 - b. Í sumum röntgenlömpum tækja, sérstaklega þeim sem notuð eru í iðnaði, getur verið spilliefnið [Berillium](#). Gera má ráð fyrir því að allir röntgenlampar verði meðhöndlaðir sem spilliefni af þeim sökum.
4. Röntgentækjum má eftir forvinnslu (sjá lið 3) farga sem brotamálmi.
5. Við förgun röntgenlampa ber að varast að taka lampann í sundur og alls ekki að brjóta hann. Lampinn er lofttæmdur og því getur það valdið slysi ef hann brotnar.

Tæki sem geta framleitt röntgengeislun eru ekki geislavirk og eru því ekki hættuleg ef þau eru ekki tengd við rafmagn.

Förgunaraðilar / Málmendurvinnsla

Efnamóttakan ehf <http://www.efnamottakan.is>

Sorpa <http://www.sorpa.is>

Fura ehf <http://www.fura.is/>

Hringrás <http://www.hringras.is/>